



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Flutningur á deilibílastæði fyrir ALP hf. (Zipcar).

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að úthluta ALP hf. bílastæði fyrir deilibíl í Þórunnartúni, fyrir framan hús nr. 6.

Greinargerð:

ALP hf. rekur deilibílaþjónustu undir merkjum Zipcar á Íslandi og hefur um nokkurn tíma haft til afnota bílastæði fyrir deilibíl fyrir framan Borgartún 7. Nú standa yfir framkvæmdir vegna endurhönnunar Borgartúns sem hafa m.a. þau áhrif að bílastæðin norðan götunnar verða fjarlægð. Því er nauðsynlegt að finna nýja staðsetningu fyrir deilibílastæði í nágrenninu.

Í kjölfar samskipta skrifstofunnar og fulltrúa ALP hf. leggur skrifstofan til að einu bílastæði fyrir framan Þórunnartún 6 verði breytt í deilibílastæði merkt Zipcar, í samræmi við samþykktar verklagsreglur vegna stæða undir deilibíla-leigur á borgarlandi Reykjavíkur. Gjald er innheimt fyrir stæðið í samræmi við samþykktu gjaldskrá fyrir deilibíla.

Tillagan er lögð fram með fyrirvara um samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Útrentun úr Borgarvefsjá af fyrirhuguð deilibílastæði.

Borgarvefsjá

Bórunartún

Bríetartún

0 0,005 0,01 0,02 km

4.02.2022

Loftmynd tekin 31/8 2021